

Fundur 16. ágúst 2004

Ár 2004 þann 16.ágúst kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir Þórður Jónsson, Gústaf Jökull Ólafsson og Sveinn Ragnarsson auk sveitarstjóra er ritaði fundargerð.

HAFNAMÁL

- 1) Athugasemd frá Siglingastofnun varðandi Reykhólahöfn og Staðarhöfn. Málinu frestað til næsta fundar og sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.
- 2) Athugasemd frá Vinnueftirliti ríkisins varðandi Reykhólahöfn. Sveitarstjóra falið að panta skilti til uppsetningar við Reykhólahöfn sem tilgreinir ótvírætt að um vinnusvæði sé að ræða og láta koma því upp.
- 3) Samgönguáætlun 2005-2008 (drög), erindi frá Siglingastofnun. Skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps fagnar því að gerð grjótnargarðs við Reykhólahöfn og bætt smábátastaða á sama stað skuli vera komin inn í drög Siglingastofnunar að áætlun um ríkisstyrktar framkvæmdir á næstu fjórum árum.

FJALLSKIL OG BÚFJÁREFTIRLIT

- 1) Erindi frá framkvæmdanefnd búvörusamninga (kostnaður við gæðahandbækur). Sveitarstjóra falið að innheimta hjá framkvæmdanefndinni kr. 1.000,- í þóknun fyrir hverja gæðahandbók sem búfjáreftirlitsmaður hefur yfirfarið.
- 2) Fjallskil 2004, bréf frá Unnsteini H. Ólafssyni á Grund. Unnsteinn biðst undan því að vera vökumaður í Kinnarstaðarétt vegna fjallskila 2004. Enn fremur lagt fram bréf frá Olgu Sigvaldadóttur þar sem hún tilgreinir fjölda hrúa og áa sem hún er með í girðingu heima við bæinn.

Rætt um leitardaga haustið 2004 og eftirfarandi samþykkt:

Leitarsvæði 1 (Brekkuá að Geitará) Fyrri leit 11. sept.

Leitarsvæði II (Geitará að varnarlínu í Þorskafirði) Fyrri leit 11. sept

Leitarsvæði II (Reykjanes utan þjóðv. við Kinnarstaði) Fyrri leit 10.sept.

Ákvörðun um síðari leit og leit í Gufudalssveit frestað til næsta fundar.

MINKA- OG REFAVEIÐI

- 1) Erindi frá Reyni Bergsveinssyni varðandi minkasúr. Óskað er þess að nefndin leggi lauslegt mat á aðgerðir Reynis og aðferðir og geri tillögu um styrkveitingu eða annan stuðning af hálfu Reykhólahrepps.

Nefndin telur að minkasían sé búin að sanna sig sem öflugt veiðitæki á mink og telur mjög mikilvægt að tryggja fjármagn til þess að þessi tilraun geti haldið áfram og veiðitækið þróað enn frekar. Lagt er til að Reykhólahreppur styrki verkefnið og að málinu sé að öðru leyti vísað til nýkjörinnar nefndar sem á að fjalla um fyrirkomulag minka- og refaveiða í hreppnum.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 19. ágúst kl. 09:30

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:25

Þórður Jónsson-Gústaf Jökull Ólafsson-Sveinn Ragnarsson-Einar Örn Thorlacius